Hafnarfjörður
Grunnskólar Hafnarfjarðar
Skólanámskrá

# 2. bekkjarnámskrá

## Skólanámskrá Lækjarskóla



Skólaárið 2020 - 2021

Skólanámskrá Lækjarskóla.
Útgefin 2020.
Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skóla.
© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

**Útgáfustaður**: Hafnarfjörður.
**Ábyrgð**: Dögg Gunnarsdóttir skólastjóri Lækjarskóla

**Útgefandi**: Lækjarskóli Hafnarfjarðarbær
Sólvangsvegi
220 Hafnarfjörður

netfang: skoli@laekjarskoli.is
veffang: http://www.laekjarskoli.is

# Innihald


I. Skólastarf 2. bekkjar 4

I.1. Samantekt kennslu í 2. bekk 5

I.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 2. bekk 6

I.3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 2. bekk 9

I.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf 10

I.5. Námsmat og vitnisburðakerfi 11

2. Námssvið og námsgreinar 12

Lykilhæfni 12

2.1. Íslenska 15

2.2. Talað mál, hlustun og áhorf 16

2.3. Lestur og bókmenntir 17

2.4. Ritun 18

2.5. Málfræði 20

B. Íslenska sem annað tungumál 21

3. List- og verkgreinar 24

A. hluti - listgreinar: 25

3.1. Sviðslistir – dans 25

3.2. Sjónlistir - myndmennt 26

3.3. Tónmennt 26

B. hluti - verkgreinar: 27

3.4. Heimilisfræði 27

3.5. Hönnun og smíði 28

3.6. Textílmennt 29

4. Náttúrugreinar 31

4.1. Náttúrufræði 32

5. Samfélagsgreinar 33

5.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði 34

5.2. Jafnrétti og lífsleikni 35

5.3. Landafræði, saga og sam-/þjóðfélagsfræði 36

5.4. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði 38

**5.5. Jafnrétti og lífsleikni** 39
5.6. Landafræði, saga, og sam-/þjóðfélagsfræði 40
6. Skólaíþróttir 41
6.1. Íþróttir 43
6.2. Sund 44
7. Stærðfræði 47
7.1. Stærðfræði 48
8. Upplýsinga- og tæknimennt 51
8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði 51
8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni 53
Lokaorð 54

# I. Skólastarf 2. bekkjar

Hlutverk þessa kafla er að kynna fyrir skólasamfélaginu megináherslur í starfsemi bekkjar svo það sé upplýst um framkvæmd skólastarfs í bekknum/árganginum. Það er m.a. gert til að foreldrar geti verið virkir þátttakendur í námi barna sinna á grundvelli uppeldisréttar síns. Um leið kynna kennarar fagmennsku skólastarfsins til að sýna fram á faglegt inntak og samhengi milli bekkja/árganga um þau gæði sem stefnt er að í skólastarfinu.

Kaflanum er skipt í eftirfarandi hluta:

1. Samantekt kennslu árgangs
2. Áherslur grunnþátta menntunar
3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í árganginum
4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf í árganginum
5. Námsmat og vitnisburðakerfi árgangs

# I.1. Samantekt kennslu í 2. bekk

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

| Námssvið | Námsgreinar | Tímafjöldi í skóla á viku |
|---|---|---|
| 1. Íslenska | 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf<br>1.2. Lestur og bókmenntir<br>1.3. Ritun<br>1.4. Málfræði | 1<br>3<br>2<br>1 |
| 2. Erlend tungumál | 2.1. Enska<br>2.2. Danska og önnur Norðurlandamál | |
| 3. List- og verkgreinar | *A Listgreinar:*<br>3.1. Sviðslistir (dans og leiklist)<br>3.2. Sjónlistir (myndmennt)<br>3.3. Tónmennt<br>*B Verkgreinar:*<br>3.4. Heimilisfræði<br>3.5. Hönnun og smíði<br>3.6. Textílmennt | 3<br><br><br><br>3 |
| | 4.0. Náttúrufræði | 3 |
| 5. Skólaíþróttir | 5.1. Íþróttir<br>5.2. Sund | 2<br>1 |
| 6. Samfélagsgreinar | 6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði<br>6.2. Jafnrétti og lífsleikni<br>6.3. Landafræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði | 1<br>1<br>1 |
| 7. Stærðfræði | 7.0. Stærðfræði | 7 |
| 8. Upplýsinga- og tæknimennt | 8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði<br>8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni | ½<br>½ |
| Alls | | 30 |

# *I.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 2. bekk*

Í þessum árgangi eru áherslur sex grunnþátta menntunar eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og samhæfir áherslum skólans um forvarnir.

| | |
|---|---|
| *HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:* | Það er unnið með *heilbrigði og velferð* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• Stuðla að hollu mataræði með því að hvetja nemendur til að koma með hollt nesti að heiman og fá foreldra jafnframt til samstarfs við okkur í þeim tilgangi. Jafnframt bjóða upp á holla næringu í mötuneyti nemenda.<br>• Hvetja til hollrar og fjölbreyttrar hreyfingar bæði í íþróttum og öðrum námsgreinum.<br>• Eiga góð samskipti við nemendur, foreldra, starfsfólk og aðra sem að skólastarfinu koma. Það gerum við með því að vera fyrirmyndir og skapa skólabrag þar sem jákvæð og opin samskipti eru höfð að leiðarljósi.<br>• Mikilvægt að nemendur fái nægjanlega hvíld og að jafnvægi sé á milli skóla og tómstunda. |
| *JAFNRÉTTI:* | Það er unnið með *jafnrétti* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• Mikilvægt er að hver einstaklingur sé metinn á eigin forsendum og fái að þroskast óháð kyni, fötlun, búsetu, stétt, kynhneigð, litarhætti, lífsskoðunum, trúarbrögðum, tungumáli, ætterni og þjóðerni.<br>• Fagna margbreytileikanum og líta á hann sem tækifæri fremur en hindrun.<br>• Koma fram við alla innan skólans, jafnt nemendur sem starfsmenn, af virðingu.<br>• Standa vörð um gildin okkar, leitast við að skilja í stað þess dæma og hlusta og leiðbeina nemendum okkar með því að virkja þá og vekja til umhugsunar um hverja þá orðræðu sem upp kemur.<br>• Vera meðvitaður um hvert við beinum athyglinni innan nemendahópsins og að allir séu virkjaðir.<br>• Gæta þess að einstaklingum sé ekki mismunað eftir kynferði, kynþætti, fötlun, þjóðerni, aldri, né vegna trúar- eða stjórnmálaskoðana. |

| | |
|---|---|
| | |
| *LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:* | Það er unnið með *lýðræði og mannréttindi* í árganginum þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>● Gera nemendur ábyrga fyrir námi sínu og verkum.<br>● Nemendur læri um rétt sinn og skyldur og að réttindum fylgir ábyrgð.<br>● Nemendur verði meðvitaðir um mátt orðnotkunar í ræðu og riti.<br>● Nemendur læri að bera virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og að virða hvern og einn eins og hann er. Nemendur geti unnið með ólíku fólki, virt skoðanir þess, tekist á við áskoranir og hugsað í lausnum.<br>● Nemendum séu skapaðar aðstæður til umræðna þar sem rýnt er í efnið og þeir læri að ýmislegt getur legið að baki því sem virðist óskiljanlegt í fyrstu.<br>● Nemendur læri að til þess að skapa samfélag þar sem öllum líður vel þurfum við að vera samábyrg, geta sýnt umhyggju fyrir öðrum og vera meðvituð og virkir þátttakendur í skólasamfélaginu. |

| **Grunnþáttur menntunar** | **Áhersluatriði árgangs sett fram í markmiðum við einstaka grunnþætti** |
|---|---|
| *LÆSI:* | Það er unnið með *læsi* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>● Ýta undir víðtækan skilning á læsi s.s. umhverfislæsi, tölvulæsi, stafrænt læsi, tæknilæsi, fjölmiðlalæsi en hvetja jafnframt til bóklestrar og að nemendur geti lesið sér til gagns.<br>● Allir kennarar skólans leggja sig fram um að búa nemendum þær aðstæður að þeir verði læsir á umhverfi sitt og geti lesið sér til gagns í víðtækum skilningi.<br>● Læsi snýst um sköpun merkingar sem á sér stað í samskiptum nemenda við þá sem þeir umgangast og í því umhverfi sem þeir búa við. Skólinn þarf að byggja á þeim grunni og styrkja enn frekar bæði undirstöðurnar og það sem byggt er ofan á með því að virkja nemendur í lærdómsferlinu.<br>● Vera læs á náttúru, umhverfi, menningu og aðstæður.<br>● Vera læs á mannleg samskipti/samfélagið og með því að vera læs á sjálfan sig þá læra nemendur smátt og smátt að þekkja muninn á eigin hugmyndum og annarra og virða þær. |

| | |
|---|---|
| | • Leggja áherslu á gott samstarf við heimilin í tengslum við læsi og auka skilning þeirra á mikilvægi að virkja nemendur í lærdómsferlinu. Nemendur lesi reglulega heima og skólinn fræði foreldra um læsi og merkingu þess.<br>• Styðja við nemendur sem kljást við sértæka lesörðugleika. |
| *SJÁLFBÆRNI:* | Það er unnið með *sjálfbærni* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• Skapa samábyrgt samfélag innan skólans þar sem allir eru virkjaðir og skoðað saman hvort allir hafi möguleika á þátttöku í því sem við erum að gera.<br>• Gera nemendur meðvitaða um þeirra þátt í daglegri umgengni innan skólans; flokka rusl og stefna að því að hafa sem minnst af því, nota fjölnota umbúðir fyrir mat og drykki, hvetja til orkusparnaðar (slökkva ljós, fylgjast með hita á ofnum eftir veðurfari, notkun á vatni, sápu og pappír, skoða hvernig við ferðumst til og frá skóla).<br>• Nemendur læri hvernig hlutir verða til og hvaðan þeir koma og hvert þeir fara.<br>• Skapa samfélag þar sem skólinn, heimilin, mötuneytið, foreldrafélagið, félagsmiðstöðin og leikskólinn vinna saman og eru upplýstir um stefnu skólans. |
| *SKÖPUN:* | Það er unnið með *sköpun* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• Leyfa öllum að njóta sín og leggja áherslu á það í vinnu með nemendum að ferlið skiptir jafn miklu máli og afraksturinn.<br>• Fá tækifæri til að uppgötva og tengja við fyrri þekkingu ásamt því að átta sig á því að sköpun byggir líka á gagnrýninni hugsun sem opnar nýjar leiðir til að nálgast viðfangsefnið.<br>• Fá tækifæri til að ígrunda skoðanir og öðlast eigin sýn á heiminn.<br>• Ýta undir skapandi hugsun í öllum námsgreinum og virkja hugann til að leita fjölbreyttra leiða til lausna.<br>• Leitast við að vera opinn fyrir hugmyndum nemenda svo þeir verði óhræddir við að segja frá, prófa sig áfram, að vera forvitnir og ígrunda.<br>• Nálgast námsefnið í gegnum leik og tjáningu bæði leikræna, sjónræna og myndræna.<br>• Örva ímyndunaraflið og vera tilbúin að nota bæði efnivið og umhverfi á sem fjölbreyttastan hátt til að ýta undir sköpunargleði nemenda. |

| | |
|---|---|
| | ● Bjóða upp á fjölbreytt og krefjandi verkefni sem miða við reynslu og þroska nemenda. o.s.frv. |

# I.3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 2. bekk

***i. Kennsluaðstæður***
Kennt er í heimastofu nemenda í grunnfögum, íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni. Nemendum er einnig skipt í hópa í verklegum greinum og þá er kennt í tilheyrandi stofum. Stundum er árgangnum skipt upp í hópa og unnin fjölbreytt verkefni.

***ii. Kennsluáætlanir***
Kennarar búa til annaráætlun fyrir hverja námsgrein. Kennsluáætlanir og skipuleggja heimavinnu. Námsmat er mismunandi eftir kennslugreinum. Í sumum námsgreinum er símat en öðrum mat í lok annar.

***iii. Náms- og kennslugögn***
*Í bekkjarstofunni eru ýmis gögn til kennslu. S.s. borð, stólar, skjávarpi, tafla, hillur, skápar, veggpláss og klukka.*

| | |
|---|---|
| *Námsbækur og almenn kennslugögn skóla*: | ● Allar nauðsynlegar náms- og kennslubækur fyrir 2.bekk (sjá viðkomandi námsgreinar).<br>● Aðgangur að tölvum og hugbúnaði í skóla takmarkað. |
| *Ritföng nemenda og persónuleg hjálpargögn sem nemendur þurfa að hafa/eiga á hverjum tíma*: | ● Nemendur fá allt sem þeir þurfa í skólanum en gott er fyrir nemendur að eiga blýant og önnur skriffæri heima. |

## *I.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.*

Lagt er upp með gott samstarf milli heimilis og skóla. Haustfundir eru fyrir foreldra þar sem umsjónarkennarar fara yfir skólastarf vetrarins. Með fundinum er verið að fræða foreldra um kennslu og kennsluhætti vetrarins. Umræður um foreldrasamstarf og útivistartíma barna.
Tvisvar á ári býðst foreldrum að koma í viðtal vegna barna sinna við umsjónarkennara, aðir kennarar eru til viðtals þann daginn. Farið er yfir námsstöðu og líðan barnsins í skólanum. Í hverri viku senda umsjónarkennarar vikupistil til foreldra þar sem fram kemur hvernig vikan hefur gengið og hvað sé framundan í starfinu. Auk þess er sendur tölvupóstur eða haft samband við foreldra símleiðis eftir þörfum.

Við skólann er starfandi skólaráð eins og lög gera ráð fyrir, það er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Þá er einnig starfandi foreldrafélag við skólann en markmið þess er að styðja við skólastarfið, hagsmunagæsla og efla tengsl heimilis og skóla. Á haustin eru valdir bekkjarfulltrúar fyrir hvern árgang, þeirra hlutverk er að skipuleggja og halda utan um viðburði fyrir nemendur og vera tengiliður umsjónarkennara við foreldrahópinn. Markmiðið með foreldrasamstarfi er að tryggja hagsmuni nemenda með upplýsingamiðlun og samráði foreldra og skóla. Velferð nemenda verður best tryggð með góðu samstarfi foreldra og skóla.

## *I.5. Námsmat og vitnisburðakerfi*

Námsmat í bekknum greinist í þrennt, leiðsagnarmat, stöðumat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum).
Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

a. ***Leiðsagnarmat***.
Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Í því felst að kennarar nota ýmsar leiðir til að styðja við og leiðbeina nemendur að ná árangri.

b. ***Stöðumat***.
Stöðumat fer fram tvisvar sinnum á skólaárinu með viðtali nemanda og foreldra með umsjónarkennara. Tilgangur stöðumatsins er að veita mat á stöðu nemenda til þeirra sjálfra og aðstandenda þeirra, til að hjálpa þeim til að ná frekari árangri í náminu.

*b.* ***Lokamat***:
Lokamat fer fram í lok skólaárs þar sem nemandi fær mat á náminu sínu yfir skólaárið. Meginmarkmið þess er að veita nemanda yfirsýn yfir stöðu sína eftir nám vetrarins og gefa honum einkunn eða umsögn fyrir frammistöðu sína.

# 2. Námssvið og námsgreinar

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er að fari fram á skólaárinu í bekknum/árganginum. Aðalnámskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólastarfsins í átta skilgreind námssvið. Hverju námssviði heyra mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námssvið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. í aðalnámskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námssviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólastarfinu sem öllum sé ljós.

Í einhverjum tilvikum fá sumir nemendur sérstakt námsefni sem hæfa þeim betur en námsefni bekkjar og fá því sína eigin námsskrá (að hluta a.m.k.) sem er nefnd einstaklingsnámskrá. Hún er utan þessa plaggs og unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi nemenda eftir því sem við á.

## *Lykilhæfni*

Lykilhæfni er annar hluti þeirrar hæfni sem skólastarf stefnir að samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011/2013). Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda og er óháð einstökum námssviðum eða námsgreinum. Hún felur í sér atriði eins og virkni nemenda til að tjá sig, færni í að vinna með öðrum og taka almennt ábyrgð á eigin námi. Viðmið um lykilhæfni gefa til kynna áherslur um hæfni sem nemendur eiga að geta tileinkað yfir skólaárið. Lykilhæfni skiptist í fimm undirþætti og eru þeir nefndir lykilþættirnir fimm og skal gefið mat, einkunn, fyrir hvern lykilþátt fyrir sig. Fyrir hvern lykilþátt eru skilgreind nokkur viðmið sem lýsa getu sem nemendur eiga að vera búnir að tileinka sér í lok skólaárs. Það er ákvörðun skóla hvort lykilhæfni sé gefin fyrir árganginn í heild sinni (1x), hvert námssvið (8x) eða hverja námsgrein (um 20x) en alltaf eru sömu viðmiðin notuð.

**a. Hæfniviðmið og matskvarðalýsingar út frá A-D matskvörðum**

Fyrir árganginn gilda eftirfarandi hæfniviðmið um lykilhæfni sem eru sameiginleg fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar auk matskvarða fyrir hvern lykilþátt og eiga við öll námssvið bekkjarnámskrárinnar:

| **Lykilþættirnir fimm** | **Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt:**<br>Við lok skólaárs geti nemandi: | **A** | **B** | **C** |
|---|---|---|---|---|
| TJÁNING OG MIÐLUN | Tjáð hugsanir sínar fyrir framan hóp. | Tjáð hugsanir sínar af öryggi og hlustað á aðra. Komið | Tjáð vel hugsanir sínar og hlustað á aðra. Komið | Tjáð hugsanir sínar að einhverju marki og |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Hlustað á aðra í hóp og meðtekið upplýsingar.<br><br>Tekið virkan þátt í umræðum þegar við á.<br><br>Komið þekkingu sinni á framfæri eins og við á hverju sinni. | skoðunum sínum og þekkingu mjög vel á framfæri fyrir framan hóp. | skoðunum sínum og þekkingu á framfæri fyrir framan hóp. | hlustað á aðra. Komið skoðunum sínum og þekkingu að vissu marki á framfæri fyrir framan hóp. |
| SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN | Unnið eftir einföldum verklýsingum.<br><br>Metið eigin verk og annarra út frá fyrirfram gefnum þáttum, t.d. með aðstoð gátlista.<br><br>Gert sér grein fyrir að oft er til fleiri en ein rétt lausn á verkefni og í lagi að gera mistök.<br><br>Gert sér grein fyrir að munur er á staðreyndum og skoðunum.<br><br>Fundið úrlausn á raunhæfu viðfangsefni með leiðsögn. | Engin ein rétt lausn á verkefnum og að það er munur á staðreyndum og skoðunum. Oftast fundin úrlausn á raunhæfu viðfangsefni. | Ein rétt lausn á verkefnum og að það er munur á staðreyndum og skoðunum. Oft fundin úrlausn á raunhæfu viðfangsefni. | Gert sér grein fyrir því að það eru fleiri en ein rétt lausn á verkefnum og áttað sig að vissu marki á mun á staðreyndum og skoðunum. Stundum fundin úrlausn á raunhæfu viðfangsefni. |

| **Lykilþættirnir fimm, frh.** | **Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt:**<br>Við lok skólaárs geti nemandi: | **A** | **B** | **C** |
|---|---|---|---|---|
| SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA | Unnið eftir fyrirmælum og sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum.<br><br>Þekkt nokkra styrkleika hjá sjálfum sér. | Unnið mjög vel eftir fyrirmælum, sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum og þekkt eigin styrkleika. Unnið mjög vel með öðrum, borið | Unnið vel eftir fyrirmælum, oft sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum og þekkt nokkra styrkleika hjá sjálfum sér. Unnið vel með | Unnið nokkuð vel eftir fyrirmælum, stundum sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum og þekkt nokkuð vel styrkleika hjá |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Unnið með öðrum í stórum og litlum hópum.<br><br>Borið ábyrgð á ákveðnu hlutverki með leiðsögn kennara.<br><br>Nýtt sér leiðsögn. | ábyrgð og nýtt sér leiðsögn. | öðrum, borið ábyrgð og nýtt sér leiðsögn. | sjálfum sér. Unnið nokkuð vel með öðrum, borið ábyrgð og nýtt sér nokkuð vel leiðsögn. |
| NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA | Leitað sér upplýsinga úr einföldum rituðum heimildum.<br><br>Nýtt upplýsingar og heimildir með stuðningi.<br><br>Þekkt grunnreglur um netnotkun. | Leitað sér upplýsinga úr rituðum heimildum af öryggi og nýtt þær og þekkt vel grunnreglur um netnotkun. | Leitað sér upplýsinga úr rituðum heimildum og nýtt þær með stuðningi og þekkt grunnreglur um netnotkun. | Að einhverju marki leitað sér upplýsinga úr rituðum heimildum og stundum nýtt þær og þekkt nokkuð vel grunnreglur um netnotkun. |
| ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI | Metið jákvæða þætti í eigin frammistöðu í námi.<br><br>Skilið hvenær námsmarkmiðum er náð.<br><br>Tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með leiðsögn. | Metið vel jákvæða þætti í eigin frammistöðu og skilið hvenær námsmarkmiðu m er náð. Tekið virkan þátt í að skipuleggja eigið nám. | Metið jákvæða þætti í eigin frammistöðu og skilið hvenær námsmarkmiðum er náð. Tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með leiðsögn. | Að vissu marki metið jákvæða þætti í eigin frammistöðu og skilið hvenær námsmarkmiðu m er náð. Tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með leiðsögn að nokkru leyti. |

# 2.1. Íslenska

## Viðmið um hæfni í íslensku

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| Efnisþættir: | Viðmið um námshæfni í íslensku |
|---|---|
| Talað mál, hlustun og áhorf: | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>● Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.<br>● Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi.<br>● Sagt frá eftirminnilegum atburði og endursagt efni sem hlustað hefur verið á.<br>● Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.<br>● Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi. |
| Lestur og bókmenntir: | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>● Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa og lesið léttan texta.<br>● Valið sér lesefni, ljóð og myndefni út frá áhuga, skilningi og lestrargetu.<br>● Lesið úr einföldum táknum (einföld pörun) og öðru myndrænu efni. |
| Ritun: | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>● Dregið rétt til stafs og skrifað léttan texta.<br>● Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu eða frásögn.<br>● Beitt einföldum stafsetningarreglum eins og notkun á stórum og litlum staf og punkti. |
| Málfræði: | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>● Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ráðið yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.<br>● Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð og orð.<br>● Gert greinarmun á sérhljóða og samhljóða og klappað atkvæði.<br>● Leikið sér með orð og merkingu þeirra.<br>● Farið í orða-, rím- og klappleiki.<br>● Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.<br>● Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.<br>● Samheiti<br>● Andheiti<br>● Samsett orð |

# *2.2. Talað mál, hlustun og áhorf*

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinar**

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Leikræn tjáning
- Hlustun
- Framsögn

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Kennsluefni fyrir leikræna tjáningu
- Myndbönd
- Sögur
- Leikrit
- Leikmunir

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Hlustun á sögu í nestistímum*
- *Hlustun í heimakrók (innlagnir kennara og frásagnir nemenda)*
- *Umræður í heimakrók*
- *Leikræn tjáning*
- *Málörvunarleikir í hóp*
- *Söngur á sal*
- *Koma fram í sal fyrir framan áhorfendur*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemandi vinnur ofangreint á eigin forsendum, eftir sinni getu og undir leiðsögn kennara.

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- *Að geta tjáð sig fyrir framan hóp*

- Að geta hlustað á sögu og tileinkað sér nokkrar reglur fyrir áheyrendur

b. Námshæfni:

- *Geta nemenda til að lesa upphátt stuttan léttan texta fyrir bekkjarfélaga og foreldra*
- *Geta nemenda til að hlusta á aðra skóla- og bekkjarfélaga segja frá í skólastofunni og á sal*
- *Geta nemenda til að taka þátt í atriðum á samveru á sal*

## 2.3. Lestur og bókmenntir

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 3 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Lestur*
  - *Auka lestrarhraða og lesskilning*
  - *Efla orðaforða og málskilning*
  - *Æfa upplestur*
- *Rím og rím ósamræmi*
- *Þjálfun hljóðkerfisvitundar*
- *Hljóð og heiti bókstafa*
- *Umskráning bókstafa í málhljóð*
- *Algengar orðmyndir*
- *Lesskilningur*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Lestrarbækur*
- *Ljóðabækur*
- *Vinnubækur*
- *Sögubækur*
- *Kennsluforrit*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Lestrarkennsla sem byggir á hljóðaaðferð*
- *Nemendur lesa í skólanum (para-og skiptilestur milli nemenda, lesið fyrir kennara)*
- *Nemendur lesa heima að minnsta kosti 5 daga vikunnar*
- *Nemendur skrifa í orðabók að minnsta kosti 5 daga vikunnar*
- *Lesið er fyrir nemendur í skólanum*
- *Lestrarsprettir og lestrarátök*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Nemandi vinnur ofangreint á eigin forsendum, eftir sinni getu og undir leiðsögn kennara.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- *Geta nemenda til að lesa texta í samræmi við aldur og þroska*

b. Námshæfni:

- *Lesið léttan texta*
- *Lesið 40 til 100 orð á mínútu*
- *Lesskilningur í samræmi við lestrargetu*

## *2.4. Ritun*

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Dregið rétt til stafs*
- *Láta stafi sitja rétt á línu*
- *Að nemendur geti skrifað orð og setningar*
- *Sögugerð í máli og myndum*

- *Haldið rétt á skriffærum*
- *Geti ritað algeng orð sem búið er að æfa*
- *Haft bil á milli orða*
- *Gert greinarmun á hástöfum og lágstöfum í lestri og ritun*
- *Notað lágstafi inn í orðum*
- *Notað stóran staf í upphafi málsgreina*
- *Notað stóran staf í sérnöfnum*
- *Notað punkt í lok málsgreina*
- *Tjáð sig með einfaldri ritun*
- *Vandað vinnubrögð*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Vinnubók í málfræði (Ritrún1 og 2)*
- *Skrift – Skriftarbækur*
- *Ritunarverkefni*
- *Vinnuhefti – ljósrit frá kennara*
- *Ipad*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Þjálfun í að draga rétt til stafs, upprifjun á bókstöfum í hverri viku.*
- *Geti ritað alla há-og lágstafi íslenska stafrófsins*
- *Orðaskrift/setningaskrift, nemendur skrifa heima 5-10 orð/setningar a.m.k 5 sinnum í viku*
- *Einföld sögugerð, mynd og texti*
- *Ritun eftir upplestri*
- *Skrifleg verkefni í náttúrufræði og samfélagsfræði*
- *Sköpun*
- *Umræður*
- *Hefur til stuðnings sýnileg markmið/amboð í bekkjarstofunni.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Stutt er við nemendur sem eiga erfitt með skrift.

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Námsframvinda í Mentor
- Hæfnikort nemenda í Mentor

a. Lykilhæfni:
- *Geta nemanda til að skrifa setningar, litlar frásagnir og sögur*

b. Námshæfni:
- *Geta nemanda til að skrifa hástafi og lágstafi*
- *Geta nemanda til að raða stöfum saman í orð*
- *Geta nemanda til að skrifa eftir fyrirmynd*
- *Geta nemanda til að skrifa sögur eða frásagnir*

## 2.5. Málfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:
- *Stafrófsvísan*
- *Þekki hugtökin bókstafur, orð og setning*
- *Unnið með andheiti og samheiti*
- *Þekkt mun á sérhljóða og samhljóða*
- *Þekkt samsett orð og unnið með þau*
- *Kynnist hugtökunum samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:
- *Vinnubækur í málfræði*
- *Kennsluforrit*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:
- *Innlögn og útskýringar kennara*
- *Leikir með orð og merkingu þeirra*
- *Vinnubækur í málfræði*
- *Kennsluforrit*
- Fær tækifæri til að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt s.s. í gegnum leik og söng og rím.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur með námsörðugleika fá stuðning

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Skráð í hæfnikort nemenda í Mentor

a. Lykilhæfni:

- *Geta nemenda til að vinna með undirstöðuþætti í íslenskri málfræði*

b. Námshæfni:

- *Geta nemanda til að vinna með stafrófið, sérhljóða og samhljóða*
- *Geta nemenda til að vinna með bókstafi, orð og setningar*
- *Geta nemanda til að þekkja samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn*

## *B. Íslenska sem annað tungumál*

*Skipulag íslensku sem annars tungumáls á einstökum stigum grunnskóla tekur mið af aldri, þroska og þörfum nemenda. Einnig þarf að hafa í huga reynslu nemenda, menningarlegan bakgrunn og stöðu í námi. Nemendur geta verið staddir á ýmsum stigum óháð aldri. Mikilvægt er að nemendur með annað mál en íslensku þrói með sér læsi, lestur og ritun, líkt og lagt er til um aðra nemendur. Það er einnig brýnt að þeir fylgi skólafélögum í námi og fái til þess nauðsynlegan stuðning. Íslenskunámið, og þar með talið læsi, á að vera samtvinnað námi á öllum námssviðum skólans (Aðalnámskrá grunnskóla, 2016: 107).*

# 3. List- og verkgreinar

**Námshæfni – viðmið og mat**

Nám í grunnskóla skal hafa sem mest gæði og þess vegna byggir grunnskólastarfið á viðmiðum um hæfni sem grundvöll gæðanna. Þau nefnast námshæfni þegar gæðin tengjast átta námssviðum aðalnámskrár (og öllum námsgreinum innan hvers námssviðs). Aðalnámskrá skilgreinir námshæfni fyrir 4., 7. og 10. bekk en fyrir aðra árganga skilgreina skólar/kennarar viðmið um námshæfni í einstaka námssviðum. Í einhverjum tilvikum er valið að hæfniviðmið séu sér fyrir hverja námsgrein frekar en fyrir viðkomandi námssviðið í heild sinni sem er þá ákvörðun viðkomandi skóla.

**a. Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| **Efnisþættir:** | **Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum** |
|---|---|
| *Dans:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>Hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama.<br>Tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi og virt samskiptareglur.<br>Dansað einföld hreyfimynstur og notað þau í paradönsum, barnadönsum og einföldum þjóðdönsum.<br>Tekið tillit til jafningja í samstarfi.<br>Tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara. |
| *Myndmennt:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>● Unnið eftir fyrirmælum frá kennara.<br>● Sett fram á sjónrænan hátt eigin upplifun eða ímyndun.<br>● Unnið myndverk á fjölbreytilegan hátt með ólíkum efnum.<br>● Unnið með frumliti.<br>● Þekkt muninn á mismunandi formum.<br>Unnið með mismunandi áferðir.<br>● Greint og unnið með breytileika hluta út frá mismunandi sjónarhorni.<br>● Unnið myndverk með áherslu á eigið umhverfi og notað sjálfstæða myndræna frásögn.<br>● Beitt línu á mismunandi hátt.<br>● Tileinkað sér vönduð vinnubrögð og frágang, virðingu fyrir efnum og áhöldum.<br>● Tileinkað sér góða umgengni. |
| *Tónmennt:* | Við lok 2. bekkjar geti nemandi:<br>● Sýnt áhuga á hugmyndavinnu í tónmennt.<br>● Sýnt færni í frumþáttum tónlistar í gegnum söng, leik og hreyfingu.<br>● Notað söngröddina á virkan hátt til að túlka margar ólíkar tónlistartegundir. |

| | |
|---|---|
| | ● Hreyft sig óhindrað og frjálst með tónlist.<br>● Lesið og klappað einföld hryndæmi.<br>● Þekkt strengjahljóðfæri og algeng hrynhljóðfæri á útliti þeirra og hljómblæ. |
| *Heimilisfræði:* | *Við lok árgangs hafi nemandi:*<br>● *Gert samanburð á hollum og óhollum fæðutegundum*<br>● *Heyrt um mikilvægi þess að hugsa vel um tennurnar*<br>● *Lært að þekkja eldhúsáhöld*<br>● *Lært um örverur úti og inni*<br>● *Lært að vinna í litlum hópi* |

## *A. hluti - listgreinar:*

## *3.1. Sviðslistir*

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.
Tímafjöldi: 40 min 1x í viku.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Sviðsframkoma
- Tjáning
- Fá tækifæri til að sýna sköpunarhæfileika sína t.d. í formi spuna.
- Fá tækifæri til að vinna í hóp

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Búningar
- Ýmsir sviðsmunir

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið fram á eftirfarandi hátt:

- Einstaklingskynning og hópefli
- Hópavinna
- Leikir

- Spuni

Í náminu er þessi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni.

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:
   - Námsframvinda metin út frá námsmarkmiðum

b. Námshæfni:
   - Virkni
   - Samvinna
   - Hlustun
   - Hugmyndavinna

# *3.2. Sjónlistir - myndmennt*

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 80 mínútur, x2 í viku í 8 vikur (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Hugmyndavinna
- Litafræði, frumlitirnir
- Formfræði, grunnformin
- For- og bakgrunnur
- Endurvinnsla

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Endurnýtanlegur efniviður
- Mismunandi tegundir lita
- Mismunandi tegundir af málningu
- Mismunandi tegundir af pappír, pappa o.m.fl.

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Innlögn og kynning
- Sýnikennsla
- Jafningjafræðsla
- Uppgötvunarnám

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Sýnikennsla
- Jafningjafræðsla
- Samvinna

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:
   - Frammistaða og virkni í tímum metin

b. Námshæfni:
   - Myndræn verkefni metin
   - Vinnusemi í tímum
   - Hugmyndavinna
   - Vinnuferlið
   - Samvinna

# 3.3. Tónmennt

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 1 tími á viku (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Sögur: einföld lög sungin sem tengjast dygðum, árstíðum og hátíðum*
- *Hljóðfæri: kynning á nokkrum strengja - og ásláttarhljóðfærum.*
- *Hreyfing: hreyfisöngvar sungnir, dansar frá ýmsum löndum og tímabilum*
- *Ritun: kynnist nótna – og hrynskrift*
- *Hlustun: tónsögur, tónlist frá ýmsum löndum og tímabilum*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Sönghefti*
- *Leikum og syngjum*
- *Stofuhljóðfæri*
- *Verkefni frá kennara*
- *Veraldarvefurinn*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Hópkennsla: söngur, hreyfing í takt við tónlist, leikir og dansað eftir tónlist*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreyttni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikum þeirra.*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- *Frammistaða og virkni í tímum metin*
- *Munnlegar og skriflegar umsagnir*

b. Námshæfni:

- *Virkni í tíma og í samsöng*
- *Samvinna*
- *Frumkvæði og frammistaða*

# B. hluti - verkgreinar:

## *3.4. Heimilisfræði*

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 4 tímar á viku í 8 vikna lotum (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Undirstaða í verklegri kennslu í heimilisfræði*
- *Læra um nauðsyn hreinlætis við matargerð og umgengni matvæla*
- *Bókleg kennsla í næringarfæði, umhverfisfræðslu og líkamlegu heilbrigði*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Heimilisfræðistofa*
- *Innlögn*
- *Sýnikennsla*
- *Kennslubækur, Gott og gaman, heimilisfræði fyrir byrjendur. Fæðuhringurinn. Heimilisfræði 2*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla fram á eftirfarandi hátt:

- *Námið fer fram í heimilisfræðistofunni*
- *Innlögn og kynning*
- *Fyrirlestur*
- *Umræður*
- *Sýnikennsla*
- *Jafningjafræðsla*

**Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni.**

- *Notkun á almennum áhöldum til matargerðar*

- *Sýnikennsla*
- *Jafningjafræðsla*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

**a. Lykilhæfni:**

- *Frammistaða og virkni í tímum metin*
- *Samvinna*
- *Hreinlæti og snyrtimennska*

**b. Námshæfni:**

- *Fer eftir fyrirmælum og vinnur verkefnin sín*
- *Vinnur vel með öðrum*
- *Gerir sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis og snyrtimennsku*

## *3.5. Hönnun og smíði*

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 4 tímar á viku í ca 8 vikna lotum

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Lita á steina*
- *Segull á ísskáp*
- *Skartgripir úr perlum*
- *Myndarammi*
- *Regnbogamynd*
- *Mynd í glugga*
- *Stjörnukortamynd*
- *skilaboðaskjóða*
- *Lyklakippa*
- *Tálga*
- *Pússa með sandpappír*
- *Lyklahús*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Lím, límband, borðar, litir og pennar*
- *Steinar*
- *Þvottaklemmur og segull*
- *Bönd, trékúlur og perlur*
- *Karton*
- *Trjágreinar*
- *Flysjari (tálga)*
- *Mósaík*
- *Trékubbar*
- *Sandpappír*
- *lyklakippuhringir*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

- *Námsgreinin er kennd í smiðjum, 4 tímar á viku í 8 vikna lotum.*
- *Kennt í smíðastofu*
- *Helstu kennsluaðferðir eru sýnikennsla og einstaklingskennsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Nemendur fá skýrari fyrirmæli og léttari verkefni*
- *Nemendur aðstoðaðir við vinnu – sýnikennsla maður á mann.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Símat er á vinnu nemenda.

a. Lykilhæfni:

- *Frammistaða og virkni í tímum er metin.*

b. Námshæfni:

- *Vinnusemi*
- *Verklagni*
- *Hugmyndavinna*
- *Samvinna*
- *Virkni*

## *3.6. Textílmennt*

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
